



MÚRARAFÉLAG REYKJAVÍKUR

SÍÐUMÚLA 25 - SÍMI 813255 - 108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 1996.

Til Alþingis
Félagsmálanefnd
co Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi
Erin [redacted] p 120/1674
komudagur 23/4 1996

Múrarafélag Reykjavíkur mótmælir framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, og krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka.

Jafnframt lýsir það þeirri skoðun sinni að til greina komi að endurskoða vinnulöggjöfina en aðeins þannig að fullt samráð sé haft við verkalýðshreyfinguna um slíka endurskoðun. Breytingar sem þvingaðar verði fram í trássi við launþega í landinu séu beinlínis til þess fallnar að raska því jafnvægi sem verið hefur á vinnumarkaði undanfarin ár og efna til meiri háttar stéttaátaka.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins vill félagið taka þetta fram:

Félagið lýsir sig alfarið mótfallið því að heimiluð verði stofnun vinnustaðafélaga. Það hefur verið álit launþega jafnt sem vinnuveitenda að fremur væri ástæða til að fækka stéttarfélögum með sameiningu en að fjölga þeim.

1. gr. frumvarpsins miðar í öfuga átt. Hún er jafnframt til þess fallin að veikja félög þau sem fyrir eru á því svæði sem vinnustaðarfélag væri stofnað á og gæti raunar gert þau nánast óstarfhæf. Sem dæmi um slíkt mætti nefna vinnustaðarfélag utan Faxaflóa- og Eyjafjarðarsvæðanna ef þar risi stóriðjufyrirtæki sem fullnægði kröfum greinarinnar. Miðað við núverandi ástand er engin þörf á að breyta orðalagi 2. gr. laganna.

Félagið mótmælir harðlega þeirri íhlutun í innri málefni stéttarfélaganna sem 2. gr. frumvarpsins kveður á um. Verði frumvarpsgreinin að lögum er einum eða fleiri af félagsmönnum fengið í hendur vald sem þeir hafa ekki haft skv. lögum og samþykktum félaganna og möguleikar einstakra félagsmanna til að hafa áhrif á kröfugerð og stefnu í samningamálum nánast að engu gerðir. Með breytingunni væri höggvið að rótum félagafrelsisins í einum hópi frjálsra félagasamtaka með þeim hætti að varða kynni við ákvæði stjórnskipunarlaganna. Reglur greinarinnar um það hvað þurfi til að hnekkja samningi sem fyrirvarsmaður eða samninganefnd hafa undirritað eru á sama hátt í andstöðu við lög og samþykktir félaganna og ríkjandi lýðræðishefð í samtökum launþega.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins eru að því best verður séð í samræmi við ríkjandi skilning á 8. gr. laga nr. 80/1938. Þeim er því ekki mótmælt sem slíkum en mega teljast óþörf.

Það sem segir hér að framan um íhlutun í innri málefni stéttarféлага á einnig við um 4. gr. frumvarpsins. Mörg stéttarfélög viðhafa allsherjaratkvæðgreiðslur í samræmi við 15. gr. gildandi laga, önnur hafa kosið að hafa annan hátt á.

Það sem hér skiptir máli er að sjálfsgöðu það að félagsmenn hvers einstaks félags eigi frjálsan ákvörðunarrétt um framkvæmdina.

Það eitt er í samræmi við rétt manna til að stofna og starfrækja félög í lögmatum tilgangi. Ekki verður séð að reynslan af reglum um boðun vinnustöðvanna hjá opinberum starfsmönnum sé með þeim ágætum að breyta beri ákvæði 15.gr.laga. nr. 80/1938 í sama eða svipað horf. A.m.k. má segja á sama hátt og gert er í athugasemdum með 4.gr. að rétt væri að breyta reglum um boðun vinnustöðvunar hjá opinberum starfsmönnum í sama horf og hjá almennu verkalýðsfélögunum. Ástæðulaust virðist að breyta núgildandi framkvæmd við afboðun og frestun vinnustöðvanna enda mun hún ekki hafa valdið árekstrum.

Ákvæði 5.gr. frumvarpsins virðast óþörf með öllu. Orðalag greinarinnar er í samræmi við ríkjandi skilning í vinnurétti á hugtakinu vinnustöðvun, sem telja má ágreiningslausan. Af greinargerð með frumvarpsdrögum má svo ráða að ætlunin sé að skýra ákvæðið rýmkandi lögskýringu og láta það t.d. ná til aðgerða sem hópar launamanna á vinnustað grípa til án samráðs við stéttarfélag sitt. Samkvæmt því væri svokallað "setuverkfall" sem launþegar grípa stundum til í því skyni að knýja á um greiðslu gjaldfallinna launa, og dómstólar hafa talið lögmeta aðgerð, væntanlega ólögmet vinnustöðvun. Varðandi 6.gr. frumvarpsins er það fyrst að segja að vandséð er hvað hefur breyst síðan 1978 þegar löggjafinn taldi ástæðu til að taka kaflann um sáttatilaunir í vinnudeilum út úr lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Félagið hefur hins vegar ekkert á móti því að hann komi þar inn á ný. Ekki eru gerðar athugasemdir við breytingu þá sem er að finna í a.lið ákvæðisins þó að aldrei ætti að koma til greina að skipa ráðherra eða hæstaréttardómara í starf aðstoðarsáttasemjara. Orðalagsbreytingar sem fela ekki í sér efnisbreytingar frá lögum nr. 33/1978 virðast óþarfar en sæta ekki sérstökum andmælum. Ákvæði d.liðs frumvarpsgreinarinnar fela hins vegar í sér órökstudda skerðingu á samningsfrelsi aðila kjarasamnings. Um þessi atriði eiga aðilarnir að semja sín á milli án lögþvingana. Sama er að segja um ákvæði e.liðs frumvarpsgreinarinnar.

Félagið getur fallist á að ástæða sé til að endurskoða gildandi lagaákvæði um heimild sáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu og afgreiðslu slíkrar tillögu. Sumt í i.og j.lið frumvarpsákvæðisins virðist horfa til bóta en annað ekki. Félagið telur að breyting á þessum reglum krefjist náins samráðs við aðila vinnumarkaðarins og varar við að hrapað verði að breytingum þar sem sátt hefur ríkt um framkvæmd sáttasemjaraembættisins á gildandi reglum. Sama er að segja um l.lið frumvarpsgreinarinnar.

Ákvæði 7.gr. og 8.gr. frumvarpsins fela í sér réttmætar leiðréttingar lagatextans og sæta ekki andmælum af félagsins hálfu.

Ákvæðum 9.gr. er mótmælt í samræmi við afstöðu félagsins til stofnunar vinnustaðafélaga.

Ákvæði 10.gr.sætir ekki andmælum.

Virðingarfyllt,
fh.Múrarafélags Reykjavíkur.



Helgi Steinar Karlsson
formaður